

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23.7.2020
Tilvísun: 202007-0130/5.01.00

Efni: Umsögn Vinnueftirlitsins um drög að reglugerð um gerð og búnað reiðhjóla

Vísað er til draga að reglugerð um gerð og búnað reiðhjóla sem birt var til umsagnar á Samráðsgáttinni þann 10. júlí 2020, en um er að ræða mál nr. 135/2020.

Samkvæmt 3. gr. framangreindra draga að reglugerð má búa reiðhjól rafknúinni hjálparvél sem styðst við og stjórnast af stig- og sveifarbúnaði hjólsins. En þar segir einnig að samfelld hámarksafli vélar má vera 0,25kW og skal það minnka smám saman og stöðvast alveg þegar hjólið hefur náð hraðanum 25 km á klst. eða fyrr ef hjólreiðamaðurinn hættir að stíga hjólið. Jafnframt er heimilt að reiðhjól sé knúið áfram af rafmótor eingöngu upp í allt að 6 km á klst. án þess að sveifarbúnaður sé notaður.


Reglugerð nr. 1005/2009, um vélar og tæknilegan búnað innleiddi tilskipun nr. 2006/42/EB um vélarbúnað og um breytingu á tilskipun 95/16/EB í íslenskan rétt í samræmi við skuldbindingar Íslands skv. EES samningnum. Reiðhjól sem er knúið áfram af rafknúinni hjálparvél eða rafmótor og kemst á allt að 25 km hraða á klst. telst vera vél í skilningi reglugerðar nr. 1005/2009, um vélar og tæknilegan búnað. Af því leiðir að slík rafknúin reiðhjól þurfa að uppfylla grunnkröfur reglugerðarinnar um heilsuvernd og öryggi og þar af leiðandi þurfa þau að vera CE-merkt í samræmi við hana.

Ef 3. gr. draga að reglugerð um gerð og búnað reiðhjóla er lesin ein og sér mætti ætla að engar kröfur séu gerðar til CE-merkingar slíkra rafdrifinna reiðhjóla. Til þess að tryggja skýrleika laga og lagasamræmi þá mælir Vinnueftirlitið með því að við 3. gr. þessara draga að reglugerð verði bætt við nýrri málsgrein, svohljóðandi:

Ef búa á reiðhjól rafknúinni hjálparvél eða rafmótor, sbr. 1. mgr., skal það einnig CE-merkt og uppfylla að öðru leyti viðeigandi kröfur reglugerðar nr. 1005/2009, um vélar og tæknilegan búnað.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við þessi drög að reglugerð um gerð og búnað reiðhjóla að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
fh. Vinnueftirlitsins


Brynjar Þór Jónasson


Björn Þór Rögnvaldsson